

Fundur 16.10.2023 Al Sýra, af fornum kynþætti sem Jahve skóp.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Ættingi minn talaði við ykkur og er það komið meira en ár, að vísu erum við ekki skyldir á nákvæmlega sama hátt og gerist hjá ykkur.

En var það nú samt það sem þið mynduð kalla ættingi minn sem talaði við ykkur og var enn annar fjarskyldur frá okkar þjóð sem talaði við ykkur fyrr.

Já mér var falið að útskýra þetta betur og hvernig ástand okkar er og hvernig erindi okkar við ykkur er og hvernig við getum útskýrt það sem kemur fyrir ykkur í menningu ykkar, eftir okkar bestu getu.

Og veruleiki ykkar er framandlegur veruleika okkar og í því liggur vandamálið og finnst mér og mörgum hér á þessum hnetti að þið hafið ekki skilið það sem tveir af okkur sögðu ykkur í erindum og samböndum sem hafa komið við ykkur áður og munum við því reyna enn á ný að útskýra mál okkar og aðstæður.

Við höfum haft samband við marga frumlífs hnetti eins og ykkar frumlífs hnött og höfum reynt að segja þeim öllum það sama.

En það er mismunandi hversu vel gengur að útskýra tilveru okkar og það sem er öðru vísi og hvort við gætum hjálpað ykkur og öðrum og varast örlög okkar og örlög skyldra ættstofna okkar sem hafa farið enn þá lengra í þá átt og ekki bjargast undan örlögum sínum.

Erum við nú komin með persónuleika og nafn en tekur það okkur langan tíma að þróast að því leitinu til og höfum við fengið góða hjálp við það mjög lengi.

Við köllum þá bræður okkar eða systur sem hafa ekki enn þá fengið persónuleika og eru í fullkominni þjónustu við Jahve og vita ekki af sjálfum sér og hafa ekki sjálfs meðvitund og eru það sem þið kallið drónar, lífrænir að hálfu leiti og vélrænir að hálfu leiti.

Er okkur kunnugt um að tækniþróun jarðar ykkar stefnir í sömu átt og get ekki verið lengi, aðeins sagt nokkur orð, það eru miklar truflanir í sambandinu.

Við eigum fornir, óvinir Ísraels þjóðarinnar fyrir löngu síðan, aldingarðurinn Eden og reynt að, það er mikið flóknari saga, við komum úr þeim tilraunum og höfðum ekki sál, vinnudýr en vorum frelsuð undan þeirri ánaud og fengum persónuleika og mismunandi útlit með tímanum.

Og við vitum af því að stefnt er að því marki að gera ykkar, margir slíkir hnettir reyna að gera að taka burt einstaklings hyggjuna.

Get ekki. Já við erum vinveittar verur, vinveittar verur, ég hef tekið upp nafn sem kemur upp úr okkar gömlu menningu mið austurlanda, var aðeins númer.

Stytting á nafni mínu er Al Sýra, í tveimur orðum, og vonum að við getum komið aftur síðar með betra erindi, þetta er aðeins nokkuð af því sem ég vildi segja.

Það eru truflanir, ég þakka fyrir verið þið sælir, erum vinveittir.

Verið þið sælir.

*Vertu sæll og takk fyrir komuna og vertu velkominn aftur.*